



Alþingi
Erindi nr. P 131/1699
komudagur 28.4.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi landbúnaðarnefnd
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2005

0504183SA PS/sp
Tilv.: 311

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 13. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga um Landbúnaðarstofnun, 700. mál og breytingar á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvörp til laga um Landbúnaðarstofnun og breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar



Umsögn

Málsnr.: 0504183SA

Dags.: 25. apríl 2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 311

um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar

Með bréfi, dags. 13. apríl sl., óskaði landbúnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörp til laga um Landbúnaðarstofnun (700. mál 131. löggjafarþings) og breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar (701. mál).

Sambandið telur ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um meginefni nefndra lagafrumvarpa. Fyrirkomulag þessara mála hefur ekki bein áhrif á almenna hagsmuni sveitarfélaganna í landinu.

Hins vegar mótmælir sambandið þeirri breytingu sem lögð er til í 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Kemur þar fram að stórlega eigi að auka við eftirlitshlutverk búfjárefnismanna, sem eru samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., starfsmenn sveitarfélaga. Breytingarnar felast í því að búfjárefnismenn eigi ekki aðeins að hafa eftirlit með aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreyna fjölda búfjár, heldur eigi þeir einnig að hafa eftirlit með því að merkingar á búfé séu í samræmi við reglur þar um. Þetta hlutverk er nú í höndum yfirdýralækis, sbr. reglugerð nr. 463/2003. Engar skýringar á þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu og engar umræður hafa af hálfu landbúnaðarráðuneytisins átt sér stað við sveitarfélögin um þessa breytingu. Ekki verður því séð hvaða röksemdir búa hér að baki. Hafa ber í huga að hér er um augljósan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða þar sem fram kemur í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. að kostnaður við búfjárefnirit greiðist af sveitarfélögum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á sér stað án viðræðna þeirra á milli og án þess að sveitarfélögin fái tekjur til að sinna nýjum lögskyldum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg. *Sambandið leggur til að felld verði brott 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.*

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri